

Vírinn - 3. tbl. 2.árg. 9. febrúar 2012

Fréttir um upplýsingatækni frá Áhættuþjónustu Deloitte ehf.

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Ekki opna póstinn!

Lengi var viðhengið það hættulega við ruslpóstinn og aldrei að vita hvað var falið í viðhenginu. Núna er mál að flækjast, þar sem ekki er lengur nauðsynlegt að smella á skrána til að smitast mögulega af óværu. Um er að ræða tegund af HTML vinnslu sem opnast um leið og tölvupóstur er opnaður. Það eina sem notandinn sér eru skilaboð á borð við „Loading, please wait“ eða álíka, og á meðan laumar óværan sér inn í tölvuna. Hvað er hægt að gera gegn svona óværu? Muna að uppfæra allan hugbúnað og svo er hægt að óvirkja sjálfvirka HTML opnun pósts. [Meira](#)

Anonymous ráðast á gríska dómsmálaráðuneytið:

Tölvuglæpamennirnir í Anonymous hafa nú tekið upp á því að ráðast á ráðuneyti í Grikklandi. Vart þarf að taka fram að mikil vandræði herja að stjórnvöldum í Grikklandi þessa dagana og vart á bætandi. Anonymous segjast í þessu tilviki vera að berjast gegn hertum höfundarréttarlögum í landinu. Er þetta þá gert undir því yfirsýni að Grikkland sé fæðingarstaður lýðræðis, og þessar hertu reglur séu aðför að því lýðræði. Ekki er vist að þessi aðgerð, að reyna að loka á þá aðila sem vilja setja þessar hertu reglur, sé það sem Plató hafði í huga á sínum tíma. [Meira](#)

Tölvur líka notaðar til að fela tapið:

Nokkuð hefur verið rætt um að tölvur séu misnotaðar til að stela fjármunum og komast af með gróða. Tveir starfsmenn í svissneskum banka fóru hins vegar aðra leið, og misnotuðu tölvur til að fela mikið tap sem hafði verið á viðskiptum þeirra. Skipanir um þetta komu frá yfirmönnum þeirra og tók mjög langan tíma að komast að hinu sanna í þessu máli. Hérna sést að þótt að visst eftirlit sé til staðar, og að yfir- og samstarfsmenn ættu að fylgjast með misgjörðum er mögulegt að margir taki sig saman til að fela glæpsamlegt athæfi. [Meira](#)

Hvað er gert við stolinn Facebook aðgang?

Lesendur Vírins vita að það þarf að passa Facebook aðganginn, en hvers vegna? Hvað gerist þegar óprúttinn aðili kemst yfir lykilorðið þitt? Það sem er meðal annars hægt að reyna er að svíkja út peninga frá vinum þínum. Það er hægt að reyna að veiða vini inn á sölusíður eða síður sem dreifa óværu, og þannig reyna að komast yfir fleiri lykilorð. Þá er einnig ljóst að sama notendanafn og lykilorð verður reynt að fleiri síðum, til dæmis að tölvupósti, til að reyna að komast yfir enn fleiri upplýsingar. Allar upplýsingar sem eru á Facebook, ásamt gögnum úr tölvupósti, er síðan hægt að nota til að reyna að komast yfir fjármuni, hvort sem er frá viðkomandi eða annars staðar. [Meira](#)

Enn um rafræn skilríki:

Flestum er enn í fersku minni þegar brotist var inn í DigiNotar á seinasta ári og rafrænum skilríkjum stolið. Þessi skilríki eru síðan talin hafa verið notuð í Íran. Enn hallar undan fæti hjá útgefendum rafrænna skilríkja, en nýlega viðurkenndu VeriSign að það hafi verið brotist ítrekað inn hjá þeim árið 2010. Þótt þeir vilji lítið segja um hvað var gert vilja þeir halda fram að innbrotið hafi ekki verið jafn alvarlegt og það hefði geta verið. Erfitt er að segja hversu alvarlegt þetta innbrot er, en VeriSign hafa einnig viðurkennt að stjórnendum hafi ekki verið greint frá innbrotinu fyrr en í september 2011. Það er hugsanlega einn alvarlegasti þátturinn í þessu innbroti. [Meira](#)

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð Deloitte á sviði upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis veitir:

Tryggvi R. Jónsson
GSM: 860-3177



tryggvi.jonsson@deloitte.is